

# VERKLAGSREGLUR

## um meðferð eineltismála hjá fagráði Æskulýðsvettvangsins

### 1. gr.

#### *Fagrád Æskulýðsvettvangsins*

Einelti er ekki liðið innan þeirra félagasamtaka sem mynda saman Æskulýðsvettvanginn, sem eru Ungmennafélag Íslands, KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta og Slysavarnafélagið Landsbjörg. Í því samhengi starfar sameiginlegt fagrád er sérstaklega tekur á eineltismálum sem upp kunna að koma innan þessara samtaka og ekki tekst að leysa úr innan aðildarfélaganna.

### 2. gr.

#### *Skilgreining eineltis*

Endurtekin ótilhlýðileg og ámælisverð háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað endurtekið andlegt og líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreining eða hagsmunaárekstur sem kann að koma upp í æskulýðs- og íþróttastarfi.

### 3. gr.

#### *Skipan fagráðs*

Stjórn Æskulýðsvettvangsins skipar fagrád Æskulýðsvettvangsins. Það skal skipað að minnsta kosti tveimur einstaklingum er hafa þekkingu, menntun og reynslu sem nýtist við úrlausn samskiptavanda og eineltis og skulu þeir vera óháðir Æskulýðsvettvanginum og aðildarfélagunum. Sitji enginn lögfræðingur í fagráðinu skal fagráðið hafa aðgang að lögfræðilegri ráðgjöf.

Fagrád skal skipa til þriggja ára í senn.

### 4. gr.

#### *Hlutverk fagráðs*

Fagráðið hefur einkum tvíþætt hlutverk við meðferð mála, sem því berast. Í fyrsta lagi að leita að viðunandi niðurstöðu í málum með sáttum sé þess nokkur kostur og í öðru lagi að veita félögum ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga, sem fagráðinu hafa borist í viðkomandi máli.

### 5. gr.

#### *Vísun máls til fagráðs*

Eineltismálum er hægt að vísa til fagráðs Æskulýðsvettvangsins svo fremi sem ekki hafi tekist, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, að leiða málið til lausnar á heimavelli félagsins. Gert er ráð fyrir að viðbragðsteymi hafi leitað leiða til að leysa málið í samráði við þolanda, geranda og foreldra/forráðamenn í samræmi við gildandi viðbragðsáætlun félagsins.

Þolandi eða forráðamenn hans geta jafnframt vísað máli til fagráðs vegna meints aðgerðaleysis félags.

Tilvísun máls til fagráðs skal vera skrifleg, á þar til gert eyðublað, og sendast á netfangið [fagrad@aeskulydsvettvangurinn.is](mailto:fagrad@aeskulydsvettvangurinn.is) ásamt fylgigögnum, þar á meðal upplýsingum um fyrri vinnslu.

#### 6. gr.

##### *Meðferð mála hjá fagráði*

1. Þegar máli er vísað til fagráðs byrjar fagráðið á því að óska eftir nauðsynlegum gögnum frá málsaðilum og öðrum sem kunna að tengjast málinu.
2. Fagráðið boðar viðeigandi aðila á fund sinn, ef þurfa þykir.
3. Telji fagráðið þörf á því skal það leita til óháðra sérfræðinga á sviði eineltismála við að leysa úr málinu.
4. Fagráðið leggur mat á framkomin gögn, dregur ályktanir af fengnum upplýsingum og gefur út ráðgefandi álit í málinu. Álitið inniheldur mat fagráðsins á málinu og hvernig það hefur verið unnið fram að þeim tímapunkti þegar því var vísað til ráðsins og ráðleggur um tillögur til úrbóta. Ráðgefandi álit er kallað svo sökum þess að aðildarfélögum er ekki lagalega skylt að fara eftir því, en það er æskilegt með hagsmuni þolandans að leiðarljósi. Álitið er sent málsaðilum, forsvarsaðilum félags og stjórn Æskulýðsvettvangsins.
5. Fagrád skal sinna eftirfylgni í að minnsta kosti 6 mánuði frá því að úr máli var leyst. Fylgjast þarf með því hvort eineltið tekur sig upp aftur og athuga hvernig gengið hefur að fara eftir ráðgjöf þeirri sem fram kemur í áliti fagráðs. Ef þörf er á gerir fagrád frekari athugasemdir.

#### 7. gr.

##### *Meðferð upplýsinga og gagna*

Við meðferð og öflun persónuupplýsinga skal fagráðið gæta þess að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga samkvæmt fyrirmælum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014 með áorðnum breytingum. Gæta skal þess að upplýsingar, sem aflað er, séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang þeirra og að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum.

#### 8. gr.

##### *Kostnaður við starfrækslu fagráðs Æskulýðsvettvangsins*

Kostnaður við starfrækslu fagráðs, svo og annar kostnaður sem hlýst af verklagsreglum þessum, skal greiddur af Æskulýðsvettvanginum. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Æskulýðsvettvanginn skal huga að framlögum til fræðslustarfs og forvarna um þennan málaflokk.

9. gr.  
*Gildistaka*

Verklagsreglur þessar taka þegar gildi.

Reykjavík, 1. janúar 2017